



ÞJÓNUSTA VIÐ POLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS Á SUÐURLANDI

Sveitarfélagið Árborg
Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri
Ráðhúsinu, Austurvegi 2
800 Selfoss

Selfossi, 8. nóvember 2021

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Hinn 25. nóvember næstkomandi hefst árlegt alþjóðlegt sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, en allar götur síðan í byrjun þessarar aldar hafa fjöldamargir aðilar á Íslandi tekið þátt. Sextán daga átakið hefst á alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember.

Hin alþjóðlega hreyfing Soroptimista, sem Soroptimistaklúbbur Suðurlands er hluti af, tekur fullan þátt í þessu átaki og í ár er átakið helgað stafrænu ofbeldi. Litrur átaks Soroptimista er appelsínugulur.

Við í Soroptimistaklúbbi Suðurlands notum tækifærið hinn 25. nóvember nk. og eftir til opins fundar um sextán daga átakið og SIGURHÆÐIR – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi - í Tryggvaskála á Selfossi. Þar verður m.a. gerð grein fyrir hinni miklu samstöðu og einhug sem ríkir í sunnlensku samfélagi um SIGURHÆÐIR, svo sem hjá sveitarfélögum, löggreglu, sýslumanni og HSU. Á starfsáætlun SIGURHÆÐA fyrir næsta ár eru viðlíka fundir í öllum öðrum þéttbýliskjörnum á Suðurlandi. Væntum við góðs samstarfs við sveitarfélagið þegar að því kemur að skipuleggja þá fundi nánar.

Við sendum hér með appelsínugulan fána ef vera kynni að þú og þitt sveitarfélag vilji taka þátt í sextán daga átakinu með því að flagga til dæmis á/við skrifstofubýggingu þess. Einnig hvetjum við til þess að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að helstu byggingar í sveitarféluginu verði lýstar upp í appelsínugulum – roðagylltum - lit á meðan átakið varir, en dæmi um slíkar byggingar geta verið kirkjur, sundlaugar, skólabyggingar og jafnvel stórir vinnustaðir. <https://www.exton.is/> selur appelsínugular glærur.

ÁRBORG	
Bnr.: 02-00	Mótt.: 16.11.'21
Ábm.: GTHH	Mnr.: 2111294


Við eיגum einnig annað erindi við þig. Um miðjan þennan mánuð munu SIGURHÆÐIR flytja starfsemi sína að Þórsmörk 7 á Selfossi. Viða um Suðurland á starfsstöðvum sveitarfélaga liggja bæklingar frammi um SIGURHÆÐIR, en þeir eru af þessum sökum auðvitað að úreldast, einnig vegna þess að nýir samstarfsaðilar hafa bæst við síðan bæklingurinn var prentaður. Viljum við óska þess að bæklingunum verði fargað, en nýrri útgáfu af honum verður komið til ykkar innan fárra daga.

Í von um áframhaldandi gott samstarf,
með heillakveðju



Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA



Jóna Ingvarsdóttir

formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands

